



1. MIKILVÆGI SÖGUNNAR – VERKEFNI

Bls 5–11

1. Hvað hefur þú lært um sögu Íslands áður? Nefndu nokkur atriði.

2. Hvað er átt við þegar sagt er að fortíðin sé hluti af umhverfi okkar? Nefndu dæmi.

3. Hvernig værir þú öðruvísi ef þú hefðir fæðst í öðru landi á annarri öld?

4. Hvað er ólíkt með lífi okkar í dag og lífi þeirra sem bjuggu á Íslandi á landnámsöld?

5. Um hvað fjallar fræðigreinin saga?





6. Hvaða heimildir nota sagnfræðingar til að átta sig á sögunni?

7. Af hverju treystum við sumum heimildum betur en öðrum? Hvaða heimildir eru góðar og hverjar ekki?

8. Í hvaða tímabil skiptist sagan? Hvað ræður tímabilaskiptingunni?





2. ÍSLAND BYGGIST FÓLKI – VERKEFNI

Bls 12–25

1. Hver er talinn hafa vera fyrsti landnámsmaður Íslands? Hvar kom hann sér fyrir og hvenær var hann á ferðinni? _____

2. Hverjir voru papar og hvernig tengjast þeir Íslandi?

3. Hvenær var víkingaöld og við hvað eru ártölin miðuð?

4. Í hvaða löndum settust norrænir víkingar helst að eftir að þeir höfðu yfirgefið heimkynni sín?

5. Nefndu nokkra norræna landnámsmenn sem talið er að hafi komið til Íslands fyrir landnám.

6. Hvaða tímabil er kallað landnámsöld og við hvað miðast tímabilið?





7. Nefndu tvær gerðir skipa sem landnámsmenn notuðu og útskýrðu muninn á þeim? Á hvernig skipum sigldu þeir til Íslands og hvað tóku þeir með sér?

8. Hver voru fyrstu verkefni landnámsmanna þegar þeir komu til nýja landsins?

9. Hvað heldur þú að hafi verið erfiðast við að búa á Íslandi á landnámsöld?





3. ÞJÓÐVELDI – VERKEFNI

Bls 26–33

1. Hvenær stóð þjóðveldisöld yfir og við hvað miðast tímabilið? _____

2. Hvað segir *Íslendingabók* um fyrstu lögin sem sett voru hérlandis?

3. Hverjir stjórnuðu Alþingi og hvert var hlutverk þess?

4. Hvað var einstakt við þjóðveldið á Íslandi miðað við önnur lönd?

5. Hvenær var þrælahald á Íslandi? Hver var staða þræla hér á landi?





6. Hverjir voru goðar og hvert var samband þeirra við bændur?

7. Hvað var vistarband og hvernig tengdist það kjörum manna?

8. Hverjir voru ómagar?

9. Hver var staða kvenna á þjóðveldisöld?





4. SIGLINGAR OG LANDAFUNDIR – VERKEFNI

Bls 35–41

1. Af hverju var verslun íslendinga við önnur lönd mikilvæg?

2. Við hverja áttu landsmenn helst viðskipti á landnámsöld? Hvernig fór verslunin fram?

3. Hvaða norræni maður stóð fyrir landnámi á Grænlandi? Hvað einkenndi byggð þeirra þar?

4. Hvaða sögur segja frá siglingu norrænna manna til Ameríku? Hver þeirra var fyrstur til að ná þar landi samkvæmt sögunum?





5. Hvað kallaði Leifur staðina þar sem hann kom að landi í Ameríku? Hvað heita þeir staðir í dag?

6. Hvenær virðast norrænir menn hafa hætt að sigla til Ameríku?

7. Af hverju var sérstaklega mikilvægt fyrir Íslendinga að hafa aðgang að timbri? Hvaða áhrif hafði timbureskortur á samgöngur við önnur lönd?

8. Hver voru tengsl Íslands í Noregi og af hverju var mikilvægt að njóta velvildar þar?

9. Hvernig stóð á því að sjálfstæði Íslands minnkaði með tímanum?





5. KRISTNITAKAN – VERKEFNI

Bls 43–49

1. Hvenær átti kristnitakan sér stað á Íslandi? Hvernig fór hún fram?

2. Hverjar eru helstu heimildir okkar um heiðinn sið?

3. Hver voru helstu goð heiðninnar? Hver þeirra voru mest dýrkuð á Íslandi? Hvað einkenndi þau goð og af hverju ætli Íslendingar hafi einkum tignað þau?

4. Hvenær gerðust norrænir menn kristnir?





5. Hvenær var farið að boða Íslendingum kristna trú? Hverjir gerðu það?

6. Hvað varð til þess að landsmenn tóku kristni og hver var helsti talsmaður þess að Íslendingar yrðu kristnir?

7. Hvað þurfti að gera til að byggja upp kristið samfélag á Íslandi?

8. Hvar og hvenær voru biskupsdæmi stofnuð á Íslandi? Hvað hétu fyrstu biskuparnir?

9. Hvaða menningarlegu áhrif bárust hingað með kristninni?





6. ÆTTARVELDIÐ – VERKEFNI

Bls 50 - 55

1. Um hvað snerist deila Þorláks biskups og Jóns Loftssonar sem kallaðist Staðarmálin fyrri?

2. Á hverju byggðust kröfur Þorláks í deilunni um kirkjustaðina?

3. Hvernig enduðu deilur Þorláks biskups og Jóns Loftssonar?

4. Hvaða munur var á völdum konunga og kapólsku kirkjunnar?





5. Hverju vildi páfinn breyta og hvenær náði hann markmiðum sínum?

6. Hvernig gekk íslensku kirkjunni að fá aukið sjálfstæði miðað við kirkjuna í Evrópu?

7. Hvaða erkibiskupsdæmi tilheyrðu Íslendingar? Hverju breytti það fyrir landsmenn?

8. Hverju vildi biskup breyta varðandi siðferðismál landsmanna?

9. Af hverju lenti Guðmundur Hólabiskup í útistöðum við höfðingja?





7. STURLUNGAÖLD OG FALL ÞJÓÐVELDISINS – VERKEFNI

Bls 57–63

1. Af hverju er tímabilið sem fjallað er um í þessum kafla kallað Sturlungaöld?

2. Hvenær er Sturlungaöld talin hefjast? Við hvað er miðað?

3. Hvernig tengdist Ísland útþensluhugmyndum Noregskonungs?

4. Hvernig gekk konungi að fá Snorra Sturluson til að koma Íslandi undir norsku krúnuna?





5. Hvern fékk konungur næst til að leggja landið undir sig? Hvað breyttist við það?

6. Af hverju sagði konungur að Snorri væri réttdræpur?

7. Segðu frá brúðkaupinu að Flugumýri haustið 1253. Hvernig gekk veislan fyrir sig?

8. Hvaða kallaðist sáttmálinn sem Íslendingar gerðu við Noregskonung? Hvað segir sáttmálinn um stöðu Íslands á þessum tíma?





8. MENNING – VERKEFNI

Bls 64–71

1. Hver er talinn hafa verið fyrstur til að rita á norrænu hérlandis? Hvað ritaði hann og hvenær?

2. Hvenær eru helstu miðaldabókmenntir þjóðarinnar taldar skrifaðar?

3. Hvaða bókmenntir mætti telja til merkustu miðaldabókmennta Íslendinga?

4. Hvað segja heimildir um upphaf ritunar á Íslandi?

5. Á hverju byggðist þekking íslenskra menntamanna á þessum tíma?





6. Hvaða „hefðir” eru taldar hafa runnið saman og skapað grundvöll fyrir bókmenntir Íslendinga?

7. Af hverju voru bækur dýrar á miðöldum?

8. Hvað er það sem helst einkennir Íslendingasögurnar?

9. Nefndu einn þekktan miðaldarithöfund Íslendinga. Hvað ritaði hann og um hvað fjölluðu bækur hans?

10. Hvers konar skáldskapur varð vinsælastur næstu aldirnar?





9. NORRÆNT KONUNGSVALD – VERKEFNI

Bls 73–77

1. Hvaða lögbók notuðust Íslendingar við næstu aldirnar?

2. Hvaða sérstöðu naut Ísland þann tíma sem landið laut erlendu valdi?

3. Hverjir fóru í raun með helstu völd landsins?

4. Hvaða breytingar urðu á meðferð sakamála þegar ný lög téku gildi?

5. Hver var staða Íslands gagnvart konungi?





6. Hvað reyndi konungur að gera til að auka völd sín á Íslandi? Hvernig gekk það?

7. Af hverju gafst konungur upp við að leigja hirðstjóraembættið?

8. Hver var landfræðileg staða Íslands innan Noregsveldis?

9. Hver var staða Íslands í Danaveldi á þessum tíma?

10. Hvað olli því að Íslendingar nutu mikils sjálfsræðis á miðöldum?





10. BARÁTTA UM VÖLD – VERKFNI

Bls 78–83

1. Hvaða breytingar urðu á hag kirkjunnar? Hverjir voru helst ósáttir við þær breytingar?

2. Hver var staða almennings?

3. Hver hafði ráðið yfir kirkju og kirkjustöðum frá upphafi kristni í landinu?

4. Af hverju varð staða biskupa mjög sterk?





5. Hver var helsta forsenda auðsöfnunar á 15. öld?

6. Hvaða áhrif hafði svartidauði á misskiptingu auðs í landinu?

7. Hvaða samþykkt gerðu bændur að Áshildarmýri árið 1496?

8. Hvað var það sem almenning vantaði sér til verndar?

9. Hverjir voru valdamestir á Íslandi á þessum tíma?





11. ÍSLAND SEM VERSTÖÐ – VERKEFNI

Bls 84–93

1. Á hvaða áhrifasvæði var Ísland á þessum tíma? Hvað fannst Danakonungi um það?

2. Hvenær er talið að fiskmeti verði helsta útflutningsvara Íslendinga?


3. Nefndu dæmi um skort á sjálfstæði Íslendinga.

4. Af hverju var hafið og fjaran mikilvæg fyrir lífsskilyrði Íslendinga?


5. Hvaða áhrif hafði vaxandi sjávarútvegur á búsetu í landinu?



TÍMAÁS




TÍMAÁS



EVRÓPA




EVROPA 2



NORÐURLÖND




ÍSLAND



0 50 km

HEIMSKORT





6. Hverjir stunduðu sjávarútveg og hverjir nutu góðs af ágóðanum?

7. Af hverju virðast landsmenn hafa tekið Englendingum fagnandi?

8. Hvað var Hansasambandið? Hvenær og af hverju fóru Hansamenn að sigla til Íslands?

9. Út á hvað gekk Píningsdómur sem samþykktur var árið 1490?

10. Af hverju hættu Englendingar og Hansamenn að sigla til Íslands? Hvaða áhrif hafði það?

